



## Banaslys 19. mars 2008

Reykjavíkurvegur við Stakkahraun  
Árekstur, hliðarákeyrsla  
Látinn 72 ára kona

### Lýsing á slysi

Ökumaður fólksbifreiðar ók vestur Stakkahraun og hugðist beygja inn á Reykjavíkurveg og aka til suðurs. Ökumaðurinn, 72 ára kona sinnti ekki biðskyldu og ók í veg fyrir jeppabifreið sem ekið var norður Reykjavíkurveg. Vitni sem rætt var við á vettvangi lýstu því svo að konan hefði ekið óhikað fram yfir biðskylduna í veg fyrir jeppabifreiðina. Ökumaður þeirrar bifreiðar nauðhemplaði, en gat ekki forðað árekstri. Ökumaður fólksbifreiðarinnar lést í slysinu en ökumaður jeppabifreiðarinnar hlaut minniháttar meiðsli.



Mynd 1. Horft norður Reykjavíkurveg á slysavettvang.

Á slysavettvangi er Reykjavíkurvegur fjórar akreinar, tvær fyrir umferð suður og tvær fyrir umferð norður í átt að Álftanesi. Miðeyja með grindverki aðskilur akreinar í hvora stefnu. Á móts við Stakkahraun er eyjan rofin og leyfir beygjuumferð bæði fyrir þá sem koma eftir Stakkahrauni og ætla suður Reykjavíkurveg, en einnig fyrir þá sem koma að norðan og ætla að beygja inn í Stakkahraun. Um er að ræða flókin og varasöm gatnamót.

**Veður:**  
Skýjað  
Rigning  
6 gráðu hiti

**Vegur:**  
Blautur.  
Bundið slitlag.  
Hámarks hraði 50  
km/klst.  
Meðaltals umferð  
á sólarhring:  
18.100 ökutæki

**Tími**  
sólarhrings:  
Dagur

**Ökutæki:**  
Hyundai  
fólksbifreið og  
Dodge Durango  
jeppi

Jeppabifreiðin var af gerðinni Dodge Durango. Nokkur ákoma var á framenda biðreiðarinnar en annað sjáanlegt tjón var lítið. Ökumaður bifreiðarinnar notaði bílbelti og sprungu loftþúðar út við áreksturinn. Rannsókn á hemlum, stýris- og hjólabúnaði, leiddi ekkert óeðlilegt í ljós. Samkvæmt lýsingu vitna var bifreiðinni ekki ekið yfir hámarkshraða (50 km/klst.) þegar slysið varð. Jeppabifreiðin er um tvöfalt þyngri en fólksbifreiðin sem hún hafnaði á.

Fólksbifreiðin var af gerðinni Hyuandi Accent. Mikil ákoma var á vinstri hlið bifreiðarinnar sem ollu áverkum ökumanns. Rannsókn á búnaði bifreiðarinnar leiddi ekkert óeðlilegt í ljós. Ökumaður notaði bílbelti og loftþúði í stýri sprakk út.



**Mynd 2. Mikil ákoma var á vinstri hlið Hyundai fólksbifreiðarinnar.**

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar ökumanns jeppabifreiðarinnar voru neikvæðar. Samkvæmt niðurstöðu áfengis- og lyfjarannsóknar á ökumanni fólksbifreiðarinnar var magn verkjastillandi lyfja yfir eitrunarmörkum. Ökumaður fólksbifreiðarinnar var ekki í ökuhæfu ástandi þegar slysið varð vegna áhrifa lyfjanna.

## Orsakagreining

- Ökumaður fólksbifreiðarinnar átti við veikindi að stríða og var undir áhrifum lyfja sem skertu ökuhæfni hennar.
- Ökumaður fólksbifreiðarinnar virti ekki biðskyldu og ók í veg fyrir jeppabifreiðina.
- Gatnamót Reykjavíkurvegur og Stakkahrauns eru flókin og hættuleg.

## Ábendingar

### Ökuhæfi

Orsök slyssins á Reykjavíkurvegi má rekja til þess að ökumaður sem lést var vanhæfur til aksturs vegna veikinda og lyfjanotkunar þeim tengdum. Í nýlegri varnaðarskýrslu um skerta ökuhæfni vegna veikinda bendir RNU á að sjúklingar þurfi sjálfir að íhuga ökuhæfni sína af ábyrgð. Hvetur rannsóknarnefndin ökumenn, sem eru í áhættuhópi vegna veikinda eða lyfjanotkunar til að gangast undir skoðun á ökuhæfi sínu hjá læknum og stjórnvöldum.

Hlutverk lækna er einnig mjög mikilvægt. Þeir verða að leiðbeina sjúklingum um aukaverkanir lyfja sem þeir ávísa og kunna að skerða ökuhæfni.

### Tillögur í öryggisátt

### Gatnamót Reykjavíkurvegur og Stakkahrauns

Á slysavettvangi er Reykjavíkurvegur fjórar akreinar, tvær fyrir umferð suður og tvær fyrir umferð norður í átt að Álftanesi. Miðeyja aðskilur akreinar í hvora stefnu. Á mótis við Stakkahraun er eyjan rofin og leyfir beygjuumferð bæði fyrir þá sem koma eftir Stakkahrauni og ætla suður Reykjavíkurveg, en einnig fyrir þá sem koma að norðan og ætla að beygja inn í Stakkahraun. Ökumaður sem ekur Stakkahraun með fyrirhugaða akstursstefnu suður Reykjavíkurveg neyðist til að þvera tvær akreinar Reykjavíkurvegur í norður, stöðva við miðeyjuna og sæta færis á að komast inn á suðurakreinarnar.

Þessi gatnamót eru flókin og erfið yfirferðar, sérstaklega fyrir ökumenn sem aka frá Stakkahrauni og suður Reykjavíkurveg. Til viðbótar er göngustígur meðfram Reykjavíkurvegi sem þverar Stakkahraun og tengingar til og frá verslunum inn á Stakkahraun eru mjög nálægt gatnamótunum.

Ökumenn þurfa að huga að mörgu samtímis við þessar aðstæður og getur það reynst hættulegt, sér í lagi óvönnum bílstjórum og eldri bílstjórum. Að mati Rannsóknarnefndarinnar er um afara óheppilega útfærslu á gatnamótum að ræða og hvetur nefndin Vegagerðina til að skoða aðrar öruggari lausnir á þessum stað.

**Reykjavík 29. janúar 2009**  
**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**